



Miðstjórn Alþjóðasambands kommúnista  
heldur fund, ljósrit Verkalýðsblaðið  
21.6.1932

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Bréfa- og málasafn 1946-1953.  
Askja 2-15, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Miðstjórn Alþjóðasambands kommúnista heldur fund

Meðlimir þeir, sem kosnir eru í miðstjórn á heimsþingum Alþjóðasambands kommúnista (síðast á 6. heimsþinginu 1928 í Moskva) eru dreifðir úti um allan hnöttinn og vinna sitt hættulega starf, víða á laun og knúðir til að fara huldum höfði. En framkvæmdanefnd miðstjórnarinnar annast á meðan störfin og hefur á hendi forustu og stjórn á heimshreyfingu kommúnismans.

En þegar mikið ríður á, er miðstjórnin öll kolluð saman, og nú þegar styrjaldarhættan er skelfilegri en nokkru sinni fyrir, heldur þessi forustusveit heimsverkalýðsins fund sinn, er byrjar 15. júní í Moskva. Er stríðshættan og yfirvofandi áráðs auðvaldsins á ráðstjórnarríkin aðalmálið.

Í miðstjórn A. K. eiga sæti m. a. foringjar rússneska verkalýðsins, Stalin, Molotov, Manuilski, Pjatnitski, hetjurnar úr finsku og ungversku byltingunni, Bela Kun, Kuusinen, Sirota og Manner, leiðtogar hins sterka þýzka kommúnistaflokks Thälmann, Remmele og Klara Zetkin, besti leiðtogi japanska verkalýðsins Katayama, einn af elztu brautryðjendum sósíalismans, sá er á hringi 2. Inter-

nationale 1905 lýsti andstöðu sinni gegn styrjöld Japana við Rússa þá, en fremur foringjar hins hrausta kínverska verkalýðs, sem nú hefur rekið af höndum sér 4. heimsauðvaldsins gegn Sóvétrudunum — og þannig mætti lengi telja.

Í Moskva safnast því saman nú foringjarsveit þess verkalýðs, sem býr sig undir úrslitabaráttuna við heimsauðvaldið. Nær sú lokahrið hefst, veit enginn með vissu, en skylda kommúnista um víða veröld er fyrst og fremst sú: að vera viðbúinir.

Hin íslenska deild úr Alþjóðasambandi kommúnista, K. F. L., á nú einnig fulltrúa á fundi miðstjórnar. Þeir Brynjólfur Bjarnason og Ísleifur Högnason fóru með „Íslandi“ áleiðis til Moskva. Er það í fyrsta sinn, sem flokkur vor á fulltrúa þar eystra.

En félagar! Það er ekki nóg að tilheyra heimsflokki kommúnismans. Við verðum einnig allir að vera reiðubúinir til að framkvæma fyllilega í verkinu fyrirskipanir hans, nú þegar örlög heillar kynslóðar og framtíð sósíalismans er í veði.